

SKÝRSLA

nefndar um

tengsl menningarsögu þjóðarinnar

við ferðapjónustu

Samgönguráðuneytið 1995

SKÝRSLA

18. maí, 1995.

Frá nefnd skipaðri af samgönguráðherra 5. desember 1994, er fjalli um hvernig nýta megi **menningarsögu þjóðarinnar í þágu ferðaþjónustu.**

Nefndina skipa:

Valgarður Egilsson, læknir, formaður

Erla Kristjánsdóttir, M.Ed., kennslustjóri KHÍ

Gunnlaugur Eiðsson, leiðsögumaður

Jón Böðvarsson, íslenskufraeðingur, ritstjóri iðnsögu

Margrét Hallgrímsdóttir, fornleifafræðingur, forstm. Árbæjarsafns

Starfsmaður nefndarinnar: Þórhallur Jósepsson, aðstoðarmaður samgönguráðherra

Í skipunarbréfi er vitnað til ályktunar Alþingis (160. mál, 1994):

"Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa fimm manna nefnd til að setja fram hugmyndir og tillögur um það hvernig nýta megi sögu þjóðarinnar, sögustaði, þjóðhætti, verkmenningu og bókmenntir til að efla og bæta ferðaþjónustu innan lands."

Starf nefndarinnar:

Nefndin hélt tíu fundi á tímabilinu jan.- apríl 1995. Þess utan áttu formaður og þj átta vinnufundi. Nefndin kallaði til samræðna formann Þingvallanefndar, Björn Bjarnason alþm., og formaður átti fundi með Paul Richardsson framkvæmdastjóra Ferðaþjónustu bænda, Þór Magnússyni þjóðminjaverði, Davíð Stefánssyni formanni starfshóps sem stendur að gerð söguskilta, Stefáni Karlssyni forstöðumanni Handritastofnunar ÁM, Kjartani Lárussyni formanni Félags íslenskra ferðaskrifstofa, Magnúsi Oddssyni ferðamálastjóra, auk símafundar með Jóni Illugasyni formanni Ferðamálasamtaka Íslands.

Áfangaskýrsla var gerð í febrúarlök og afhent ráðherra. Á henni er byggt við gerð þessarar skýrslu.

Efnisyfirlit

	bls.
Inngangur	3
Íslenskir ferðamenn	4
Samantekt	4
Söfn	6
Sögustaðir og minjar í héruðum	7
Leiðsögumenn	8
Bókmenntir	9
Ungt fólk	10
Ferðamiðstöðvar	11
Útgáfumál	11
Reykjavík	12
Reynslusveitarfélög	12
Erlendir ferðamenn	13
Samantekt	13
Erlendir ferðamenn	14
Fornbókmenntir	14
Bæklingar, myndbönd	15
Minjagripir	15
Þjóðverjar, Vestur-Íslendingar, markaður Norður-Ameríku	16
Fylgiskjöl:	
1. Ýmislegt sem vert væri að kynnast úr þjóðhátum og verkmenningu fyrri alda - sjálfsnægtabúskapurinn (hugmynda-lager)	
2. Dæmi af sögu eins héraðs - Eyjafjarðarhérað	
3. Dæmi af sögu- og bókmenntaferð Reykjavík, um Kaldadal, að Húsafelli	
4. Merking sögustaða	
5. Sögusteinar. Hannes Pétursson, Morgunblaðið Lesbók, 13. tbl. 3. apríl 1993	
6. Verkefnaskrá.	

Inngangur

Það er áhugvert að ferðamönnum sé boðið til nánari kynna við **sögu þjóðarinnar, sögustaði, þjóðhætti, verkmenningu og bókmenntir**. Slíkt hefur almennt menningargildi og uppeldisgildi; yrði fjárhagslegur ávinningur fyrir ferðaþjónustu; gæti stuðlað að jafnari ferðamannastraumi um landið og yfir árið.

Ekki ber að skilja þetta sem nýjan atvinnuveg, fremur að nýta megi miklu betur þennan þátt í ferðaþjónustu.

Viðfangsefni nefndarinnar er víðtækt - ekki verða öllu gerð skil.

Skýrslan fjallar fyrst um þjónustu við **íslenska ferðamenn**; í lokakafla er fjallað um erlenda ferðamenn. Nefndarmönnum er vel ljóst, að enginn einn hrindir tillögum hennar í framkvæmd. Þess vegna þarf að leita til margra. Oft er aðeins spurning um hugarfar og verkefnaval - áherslur - hvort tillaga verður veruleiki. Þess vegna leggur nefndin til að skýrslan verði gerð aðgengileg - hún verði send ferðamálafulltrúum, Ferðamálaráði, safnvörðum á minjasöfnum, skólastjórum og rektorum og fulltrúum helstu hagsmunaaðila í ferðaþjónustunni.

Helstu hugmyndir: sjá næsta kafla.

Íslenskir ferðamenn

Samantekt

Söfn

- brýnt er að huga betur að **móttöku ferðamanna** á söfnum; til þess þarf nokkra viðhorfsbreytingu.
- **sérstök sýningaraðstaða** þarf að vera á söfnum (aðskilin frá fræði- og rannsóknasviðum).
- miðlun fróðleiks þarf að sinna betur, og það annist **sérstakir safnaleiðsögumenn**.
- **merking** muna með helstu upplýsingum sé á fjórum tungumálum og nánari fróðleikur gefinn í bæklingum, og á myndböndum.
- **afdrepp** þarf að vera fyrir gesti (málstofa), þar séu skrár, bæklingar, myndbönd (ath. tungumál), ítarefni.
- sýna þarf **hvernig hlutir voru notaðir** - það er áhugavert mál en sumpart erfitt í útfærslu.
- leiðsögn skólanema um söfn, nauðsynjamál, samvinna við skóla.

Sögustaðir og minjar í héruðum

Hér skortir mjög á um merkingar og vegvísun, **skilti**; einnig ritaðan fróðleik, **bæklinga, sögukort**. Myndbönd um sögustaði og minjar í einstökum héruðum. **Leiðsögn** um héruð, svæði: hér þarf **leiðsögumenn** búna til þessa hlutverks, áhersla lögð á þátttöku heimamanna í héruðum.

Örnefni sem frásögur eru tengdar: Skráning og verndun.

Þáttur **ferðamiðstöðva** og sérstakra leiðsögumanna er mikilvægur.

Bókmenntir (og aðrar listgreinar)

1. Hér má bjóða sérstakar ferðir með bókmenntir og sögu að aðalviðfangsefni. Slíkt hefur gefið góða raun (söguslóðir Njálu; ferð frá Rvík og yfir Kaldadal)
2. Í héruðum má hafa á boðstólum bókmenntaefni sem héraði er tengt (dagskrár) - þetta gætu ferðahópar pantað. Efniviður er nægur fyrir hugkvæma menn í héraði.
3. Þótt landskoðun og náttúrufræði sé aðaláherslan á flestum ferðum Íslendinga, þá geta leiðsögumenn ofið bókmenntir og sögu í mál sitt meir en nú er.

Leiðsaga fyrir Íslendinga í eigin landi

Hér þarf bragarbót. Nauðsynlegt er að komið sé á námskeiðum til undirbúnings leiðsögumönnum - eða **námsbrautum** við

framhaldsskóla og/eða háskóla. Hér þarf að gera ráð fyrir verkaskiptingu, **sérhæfingu í leiðsögu:**

leiðsögn um söfn

leiðsögn um héruð

leiðsögn um merkari staði (Þingvöllur, Skálholt,

Hólar, hér má telja með eldri hverfi í þéttbýli)

leiðsögn og varsla þjóðgarða og friðlanda

leiðsögn á öræfum

leiðsögn á sérsviðum: bókmenntir, saga (t.d. staðbundin saga

heimabyggðar og tengsl hennar við sögu héraðsins og landsins).

Með slíkum undirbúningi geti menn öðlast ákveðin réttindi.

Enn þarf að kalla til fleiri (þótt ekki hafi formleg réttindi

leiðsögumanns) - t.d. menn sem geta kynnt listgreinar, flutt list: músík,

bókmenntir - eða vinnubrögð, leiki og íþróttir fyrri tíma: bændaglímu,

aflraunir.

Ungt fólk þarf að laða betur að menningarsögunni - og á að vera auðvelt.

Ferðamiðstöðvar þurfa að kynna sig og sína þjónustu miklu betur.

Við framkvæmd þessara hugmynda hljóta margir að koma að verki; einhver aðili þarf að **samstilla aðgerðir**; eðlilegt að sá aðili sé tengdur Ferðamálaráði og Þjóðminjaráði, vinni sem hvetjandi, án valds. Gæti heitið Sögunefnd ferðamála. Sjá verkefnaskrá.

Erlendir ferðamenn: sjá kafla bls. 13-17

Söfn

Ferðamenn leggja gjarnan leið sína í söfn, ferðapjónustan þarf því góð söfn: opin, aðgengileg, sýnileg, fræðandi, skemmtileg, mörg, sérhæfð, almenn, stór og smá.

Söfn þurfa að huga betur að **móttöku gesta**, þar sem **viðmót** og **leiðsaga** skiptir miklu máli við miðlun fróðleiks.

Söfn þurfa að **kynna** betur hvað þau hafa að bjóða, þ.e. auglýsa tilvist sína og þjónustu.

Á ferðamiðstöðvum (hótelum, ferðaskrifstofum, áningarstöðum) þurfa upplýsingar um söfn að liggja frammi: hvaða söfn eru til í landinu, hvar þau eru, hver er aðaláhersla hvers safns, hvenær söfn eru opin, sýningarhald, sérviðburðir.

Bæklingar þurfa að vera til um hvert safn með fróðleik og fáanlegir sem víðast.

Leiðsögu annist safnleiðsögumenn - með þann sérstaka undirbúning (sjá kafla um leiðsögumenn). Ath. eldri borgarar til liðs, sbr. Árbæjarsafn. Leiðsögn skólanema, mikilvægt mál.

Muni þarf að **merkja** vel og fylgi helstu upplýsingar, sem ítarlegri væru svo í bæklingi. Tungumál: íslenska, þýska, enska.

Afdrep þarf á stærri söfnum fyrir gesti (**málsalur**, tal og tesopi). Þar sé **ítarefni** aðgengilegt, bækur, ljósmyndir (t.d. af munum í notkun), myndbönd, og þar sé hægt að taka til máls.

Öflun fjár: aðgangseyrir sé greiddur, þó hóflegur, börn undanþegin. Ath. um gerð minjagripa og sölu, ljósmynda, póstkorta, til tekjuöflunar. Greiðasala á vel heima sumstaðar. Hvernig væri að selja gistingu í torfbæ?

Sérhæfing safna - æskileg á sumum söfnum.

Sýningarhald á söfnum má samstillta.

Sérstakar uppákomur á söfnum má reyna frekar.

Munir safna sýndir í notkun - erfitt í raun. Leita þarf leiða: ljósmyndir, kvikmyndir og endursmið muna væru fyrsta skrefið.

Ofan nefnd atriði geta átt við hin stærri söfn: Þjóðminjasafnið, Árbæjarsafnið, Garða, Minjasafnið á Akureyri, Skóga, Handritastofnun Árna Magnússonar. Geta einnig átt að einhverju leyti við gömlu bæina: Glaumbæ, Laufás, Grenjaðarstað.

Kirkjur (og aðrar sögumerkar byggingar) séu opnar til skoðunar lengur en nú er og sá tími auglýstur betur. Leiðsögn verði í boði.

Ath. fáfarnari staði merkilega s.s. Hnjót, Burstafell.

Ath. möguleika á Örnefnastofnun. Einhvern þarf til að halda til haga örnefnum, þau eiga sér mörg sögu, kortleggja, segja söguna í máli, myndum, merkja staðina: Hallgrímssteinn, Skeljungssteinn.

Ath. meiri nýtingu á Þuríðarbúð, Þorvaldarbúð, endurbyggja eina til tvær búðir í helstu verum.

Ath. ber þá hugmynd að reistur yrði "torfbær, þar sem búið yrði með gamla laginu". Mætti vera kot. Stæði hann við sjó mætti sýna þar sjálfsnægtabúskap og sjávarhætti, mannlíf, verklag, muni í brúki.

Sögustaðir og minjar í héruðum

Mjög skortir á að ferðalangar viti hvað er af skoðunarverðum minjum og sögustöðum þar sem þeir aka um héruð (Reykjavík meðtalin). Taka þarf á og varðveita örnefnin (sjá kaflann að framan: Söfn) og gera fróðleikinn aðgengilegan ferðamanninum. Mikill fjársjóður sagna er til, sumstaðar á hver þúfa og steinvala sér sögu.

Hér þurfa **ferðamiðstöðvar** að hjálpa til: veita góða upplýsingaþjónustu.

Sögukort og bæklingar þurfa að vera til um hvert hérað, jafnvel myndbönd.

Við aðalþjóðvegi þarf **skilti og vegvísa**, og vísi til hvar nánari fróðleik er að finna (á næsta áningarstað). Þá þarf skilti við allar merkari minjar og sögustaði.

Gerð **göngustíga** er víða nauðsynleg.

Skilti uppsett við minjar þarf að gera af **smekkvísi** og má ekki vera lýti að. Vegna kostnaðar mættu þau vera einföld að gerð. Nánar um gerð skilta, sjá fylgiskjal um sögustaðamerkingar.

Hér þarf **samráð** margra aðila (Ferðamálaráð, Vegagerð Ríkisins, Þjóðminjaráð, heimamenn í héraði o. fl.).

Aðalskilti er eðlilegt að setja nálægt helstu áningarstöðum. Þau þurfa að vera **auðsæ**. Skilti tengd menningarsögu hafi eigið **auðkenni**. - Sé til dæmis tekinn Skagafjörður þá sé aðalskilti nálægt Varmahlíð, annað á Sauðárkróki, og jafnvel austan Vatna.

Leiðsögn megi panta með fyrirvara. Þá leiðsögn myndi annast svæðisleiðsögumaður, helst heimamaður.

Þó á hver ferðamaður að geta rakið sig sjálfur áfram eftir skiltum og vegvísium, kortum og bæklingum, frá einum sögustað í héraði til annars. Skagafjörður tekinn til dæmis aftur: ferðamaður að sunnan á að sjá skýr skilti við Varmahlíð. Þau beina honum að fá sér þar sögukort og bækling. Eftir þessu á hann að rata að Glaumbæ (þar sé safnleiðsögumaður), sjá Reynisstað, komast að Hólum (þar sem staðarleiðsögumaður sé), síðan að Flugumýri, Haugsnesi, Örlygsstöðum, Miklabæ og Bólu, - eða að Víðimýri. Ferðamaðurinn hefði einnig getað pantað með fyrirvara leiðsögumann með sér um héraðið.

Hvatning um **góða umgengni** sé á skiltum þar sem bílum er lagt, þar séu flát fyrir úrgang, hirt reglulega.

Snyrtiklefum þarf að koma upp við fjölfarna staði. Mjög aðkallandi.

Um fjölförnustu staði: Þingvöllur

Nauðsynlegt að lágmarkspjónusta sé veitt **árið um kring, afdrep fyrir gesti og salernisaðstaða**. Nú er þjónusta nær engin átta mánuði ársins og er slíkt óviðunandi. Æskilegt að veitingasala sé opin, einnig bensínsala. Ekki er sæmandi að helgasti staður þjóðarinnar sé í raun lokaður haust, vetur og vor. Handhægur **bæklingur** og **myndband** um Þingvöll: bráð nauðsyn.

Leiðsögumenn

Mjög brýnt er að koma á námskeiðum, námsbrautum, ætluðum til undirbúnings þeim er veita skulu leiðsögn Íslendingum um söguslóðir eigin lands. Með því ættu menn að geta öðlast viðurkenningu til slíks. Sérhæfing er eðlileg.

Ýmsir hafa annast slíka leiðsögu með sérstaka áherslu á sögu lands og eins bókmenntir og gert það með miklum ágætum þótt **ekki hefðu formlega menntun** leiðsögumanns. Þessir menn hefðu rétt til leiðsögu, enda mundi eftirspurn og orðspor sjálfkrafa velja úr þá sem vinsælir yrðu. Hér munu koma upp spurningar um réttindi og ábyrgð, öðrum látið etir að leysa úr.

Slík námskeið eða námsbrautir má reka við framhaldsskóla, háskóla og Leiðsögumannaskólann. Hér þarf samvinnu margra aðila.

Menn eiga að geta öðlast viðurkenningu sem

safnleiðsögumenn

svæðisleiðsögumenn (einstök héruð, þjóðgarðar og friðlönd)

staðarleiðsögumenn (Þingvöllur, Skálholt, Hólar, eldri hverfi í þéttbýli)

eða til leiðsögu í fjallaferðum (jafnvel sjóferðum)

eða á einstökum sviðum t. d. sögu, bókmenntum

Til bóta yrði að þjóðgarðsverðir menntuðu sig í leiðsögn um sinn garð.

Auk ofanefndra þá er við kynningu á menningarsögunni nauðsynlegt að **kalla til ýmsa aðra** s.s. listamenn. Ef kynna á bókmenntir þá kjósa menn oft annað form en fyrirlesturinn - s.s. myndefni, músík eða leikfærslu. Ef flytja skal helgiljóð Jónasar, Ferðalok eða Gunnarshólma, þá þarf vel að vanda til. Hér hæfa þá ekki að öllu leyti "samræmd próf" enda má kalla ýmsa til leiks.

Bókmenntir

Bókmenntir koma við sögu í öllum héruðum. Vinsælar eru ferðir á söguslóðir Njálu og annarra fornsagna ýmissa, eins ferðir frá Reykjavík yfir Kaldadal (sjá fylgiskjöl).

Borgarfjörður er ríkari en önnur héruð að skáldum. Má þar nefna Egil, Snorra Sturluson, Snorra á Húsafelli, Jón Helgason, Guðmund Böðvarsson, Böðvar Guðmundsson, Magnús Ásgeirsson, Snorra Hjartarson, Þorstein frá Hamri, Málfríði, Kristmann, Þorgeir Sveinbjarnarson, Sveinbjörn Beinteinsson og Halldóru B. Björnsson, fyrir utan aðflutta eins og Jónas Árnason, Hagalín, Flosa Ólafsson og Hallgrím Pétursson. Hér er skáld á öðrum hverjum bæ.

Ef svipast er um í Eyjafirði þá eru þar Látra-Björg, Vatnsenda-Rósa, Jónas, Nonni, Hannes Hafstein, Davíð, og aðfluttir Matthías, Bjarni Thor, fyrir utan Jón á Bægisá og Kristján frá Djúpalæk. Oft fylgir þeim músík og leikhús.

Af slíkum listum sést að hér má gera út á bókmenntir kvótalaust. Reynir þá á hugkvæmni og smekkvísi framtaksmanna.

Bókmenntir má hugsa sér boðnar með mismunandi hætti:

1. Sérstakar ferðir á **slóðir fornsagna** eða annars skáldskapar, sbr. bókmenntir í Borgarfirði. Góð reynsla er af slíkum ferðum sem að ofan var nefnd.

2. Í **héruðum** má hafa eitthvert **úrval af bókmenntabrotum** stöðugt á boðstólum, sem vegfarendur (hópar) geta valið úr og pantað, rétt eins og aðrar skemmtanir eða þjónustu.

Góður upplesari ljóða hefði nóg að gera á fjölförnum ferðaslóðum svo sem í Borgarfirði eða á Akureyrarsvæðinu. Vel gafst sú tilraun þegar börn buðu að flytja ljóð hinum ókunna vegfaranda (Listahátíð í Reykjavík, 1994).

3. Á venjulegum landsskoðunarferðum má flétta inn í frásögu þær bókmenntir sem tengjast förnum vegi.

Sérstaklega þarf að skoða bókmenntir **goðafræði og Edduljóða** sem Íslendingar ritfestu á skinn og þátt Snorra Sturlusonar í því. Má þá vel minna á að germanskar þjóðir eiga sér ekki mikla klassík aðra en fornrit Íslendinga. Þau tengjast sögu Norðmanna og annarra skandinavískra þjóða og fornum minnum germanskra þjóða sunnar, einkum þýskra.

Aðrar bókmenntir Íslendinga eru fjölbreytilegar, þjóðsögur, þjóðvísur, dansar, þulur, rímur, trúarkveðskapur, ferðabænir hæfir að nefna hér með.

Í **Handritastofnun** Árna Magnússonar eru handrit til sýnis. Þar mætti auka við og setja upp sýningu á gerð klassískrar skinnbókar: rekja handverkið sjálft frá fláningu kálfsins til fullbúins verks. Fé þarf til.

Þaðan er stutt að spyrja um uppruna sagnalistarinnar, sem tengist spurningunni um uppruna Íslendinga. Enn lifir ritiðkan meðal Íslendinga fullu lífi.

En á ferðum manna má minnast á Breiðabólstað í Hópi, Stað á Ölduhrygg, Haukadal, Odda, Reykholt, Skálholt, klaustrin o.s.frv. Bókmenntir eiga sér staði **til efstu öræfa og út til sjávar**: Stórisandur, Kjölur, Sprengisandur, Ódáðahraun, Dettifoss, Hvannalindir, Fjallabak - og af sjósókn mætti gera mikla sögu.

Ungt fólk

Þarft væri að vekja betur áhuga ungs fólks á þjóðháttum og menningarsögu - og hefur sýnt sig að er **auðvelt**.

Ungt fólk ferðast mikið um landið. Með nýrri samgöngutækni, jeppum og snjósleðum, er upplifun þess ný og áhugaverð. Þakklátt myndi ef vakin væri athygli þess á að landið er þakið örnefnum og sögu fyrri kynslóða - sem **heillar ungt fólk** ef kynning er **vel fram borin**.

Sem námsefni hefur margt prýðilegt verið gefið út. Auk skólanna geta fjölmiðlar og aðilar ferðamála lagt meira lið.

Nota má ýmis tækifæri til að bjóða ungu fólki á vit menningarsögunni: skólaferðalög vor og haust, starfsemi áttthagafélaga, ættarmót eru kjörinn vettvangur, æskulýðsfélög, íþrótt- og ungmennafélög, félagsmiðstöðvar, kristnifræðsla; áttthagafræðslu í skólum má tengja forfeðrum.

Framreiðsla á kynningarefni skiptir hér öllu máli. Fyrirlestrar ná ekki alltaf marki; aðrir kostir eru myndefni, tónlist og leikfærsla ákveðinna atriða. Markmiðið er að vekja **forvitni** ungs fólks, **undrun**, oft þarf þá til nokkurt drama. Ungt fólk mætti **spreyta sig** á þessum hlutverkum **sjálft**.

Ungt fólk á sér mörg önnur áhugamál, og menningarsaga yrði dálítill áhugaverð viðbót við aðra skemmtun á ferðum þess.

Kynni af sögu forfeðra greiðir unglingum leið að annarri sögu.

Sumarið gæti nýst unglingum vel til þessa svo og haustið.

Ferðamiðstöðvar

(upplýsingar, kynning, auglýsing)

Ferðamiðstöðvar, upplýsingarstöðvar um ferðamál, gegna meginhlutverki. Mörgum Íslendingum er ókunnugt um starfsemi þeirra. **Miðstöðvar þessar verða að auglýsa rækilega** tilvist sína og þjónustu, staðsetningu, símanúmer, og leggja sem mestan metnað í starf sitt.

Helstu upplýsingar eiga að geta fengist á hótelum, ferðaskifstofum, á flugvöllum, fjölförnum áningarstöðum við aðalþjóðveg. Þá er átt við sögukort, bæklinga, upplýsingar um leiðsögumenn, hvað á boðstólum er menningarsögulegs efnis. Með nútímatækni er þetta auðvelt orðið. Má hér minna á tölvuþjónustuna "Spurðu Ask"(Ask Ask), sem er komin upp á nokkrum stöðum, hefur reynst vel.

Þá má nefna Veraldarvefinn, „Internet,“ sem gefur fyrirheit um að verða allsherjar miðill í allar áttir, ótæmandi möguleikar á kynningu og upplýsingagjöf innanlands og utan.

Samskipti ferðamiðstöðva í héruðum við Ferðamálaráð eru ónóg.

Útgáfumál

Að framan hefur margoft verið minnst á nauðsyn þess að söfn og ferðamiðstöðvar hafi **bæklinga** og **sögukort** á boðstólum, einnig **myndbönd**. Allmikið hefur verið gefið út af bæklingum. Ef **hvert hérað** á að standa að slíku þá er hér um að ræða viðamikil mál samanlagt. Og margt af þessu efni þarf að vera á erlendum tungumálum. Til bóta væri ef einn aðili hefði yfirsýn og á valdi sínu að gefa vel unnu verki meðmæli, gæðastimpil, í hverjum flokki bæklinga, korta myndbanda. Þannig gæti ferðamaðurinn vitað að hann fær góðar upplýsingar ef gæðamerkið er sýnilegt á kápu.

Tryggja þarf dreifingu og að upplag gangi ekki til þurrðar.

Auk slíkrar útgáfu til **upplýsingar**, þá skal nefnt **listrænt efni**, boðið á diskum, böndum eða bókum, þjóðsögur og sagnir, fornsögur, á íslensku og í þýðingum, þjóðleg músík, jafnvel Íslandsklukkan á myndbandi. Sjá einnig á bls. 16 - 17.

Reykjavík

Framanritaðar hugmyndir gilda að sjálfsgöðu um landið í heild og Reykjavík þá meðtalín. Sérstaða borgarinnar verðskuldar þó nokkur orð. Á vegum borgarinnar hefur málefnum menningarsögunnar verið sinnt að ýmsu leyti vel.

Áður var minnst á nauðsynlegar úrbætur á söfnum. Upplýsingastöðvar um ferðamál virðast ekki vera á vitorði Reykvíkinga. Nauðsynlegt er að borgarbúar og ferðamenn eigi kost á að nálgast upplýsingar um borgina og sögu hennar, kort, bæklinga, munnlegar upplýsingar, á nokkrum stöðum í bænum. Þeir staðir verða að vera kunnir.

Sögu- og örnefnakort yfir Reykjavík og nágrenni, bæklingar og myndbönd þurfa að vera fáanleg.

Um sögu Reykjavíkur hefur margt verið vel ritað og á mörgum vettvangi er ræktaður áhugi fólks á þeim efnum.

Nokkur atriði til umhugsunar:

- Minjar og vitneskja um byggð Ingólfs, og byggð í Vík á fyrstu öldum.
- Þingnes við Elliðavatn. Skoða má þingið sem forvera Alþingis á Þingvelli - sem nú er háð á Austurvelli.
- Sjósókn, minjar. Útgerð smábáta, m.a. á grásleppu, má gjarnan vera sýnileg í gömlu höfninni þar sem umferð fólks er mest.
- Ferðir skólanema á sögustaði í næsta nágrenni: Viðey, Laugarnes, Þvottalaugarnar, Aðalstræti og Miðbærinn.
- **Listflutningur í borginni** yfir sumarið (sjá erl. ferðamenn bls. 16)
- Einsætt er að nýta Ráðhúsið og Perluna miklu betur í þágu ferðaþjónustu.

Reynslusveitarfélög

Gera mætti tilraun í einu, tveimur sveitarfélögum um uppbyggingu þemaverkefna á sviði ferðaþjónustu og menningar, ekki síst í starfsemi safna. Þetta mætti tengja starfi skóla og leiðsögumanna, ferðir í boði á slóðir bókmennta og sagna.

Dæmi um þemu byggðarlaga gætu verið Siglufjörður: síld, Akranes: kúttur, Reykjavík: verslun, Akureyri: iðnaður, Flateyri: hvalveiðar, Borgarfjörður: bókmenntir.

Erlendir ferðamenn

Samantekt

Á stærstu minjasöfnum séu munir merktir á ensku og þýsku auk íslensku. Safnaleiðsögumenn veiti leiðsögu á erlendum málum, og megi þanta með fyrirvara þá þjónustu. Myndbönd, bæklingar, bækur í málsal safna (sjá kafla um söfn, bls. 5).

Við Handritastofnun Á. M: ath. sýningartíma á handritum, nauðsynlegt að safnið sé aðgengilegt á öllum tímum venjulegs vinnudags.

Auk fornsagna sé undirstrikað mikilvægi ritunar Íslendinga á skandinavískri sögu; sagt af siglingum Íslendinga til Vesturheims; og af listrænni varðveislu á germönskum arfsögnum - með ritun Eddu-ljóðanna og skyldra verka; og að þangað sótti Richard Wagner bæði söguefni og hrynjandi til Niflungahringingsins.

Bókasafn og lesstofa með erlendum þýðingum á íslenskum bókmenntum.

Stutta bæklinga þarf að gefa út á erlendum tungumálum

- um íslenska tungu
- um sögu þjóðarinnar
- sérstaklega um lýðveldistilraun íslendinga

Gerð minjagripa má bæta mikið, til tekjuöflunar, ath. ljósmyndir, myndbönd.

Listflutningur í Reykjavík yfir sumarið: þjóðleg músík, nýsköpun með þjóðlegri hefð, þýðing á ljóðum og þjóðvísum. Flutningur á erlendum tungumálum á fornsögum og þjóðsögum. Þýðingarstarf er mikið óunnið og þarf listfenga menn til, sama gildir um flutning.

Útgáfa á þjóðlegri músík og bókmenntum á hljóddiskum.

Kynning á þýskum markaði hefur verið mikil. Vestur-Íslendingar eru annar markhópur - þeir myndu vilja kynna slóðum forfeðra sinna, og kemur ættfræði þá að notum.

Brýnt er að Leifur Eiríksson og venslafólk hans njóti þess orðstírs sem þeim ber í Ameríku. Slóð þessa fólks má rekja hér á landi bæ frá bæ. Og ættir margra Vestur-Íslendinga má rekja til Guðríðar Þorbjarnardóttur, hinnar fyrstu evrópsku móður á amerískri grund.

Lenging ferðamannatímans er rædd.

Erlendir ferðamenn

Þeir heimsækja Ísland í margvíslegum tilgangi. Mikill fjöldi er hér á ráðstefnum, ætla sér þá flestir stutta dvöl, sumir lengri. Auðvelt að fá marga til að lengja dvöl sína - þarf að vekja athygli þeirra og áhuga.

Víðátta landsins, hið ósnortna land, auðnir óbyggðanna, náttúruöflin að verki - þetta laðar marga að. En svo vekur líka undrun sú dirfska að svo fámennt þjóð skuli reka hér sjálfstætt þjóðfélag, skapa eigin menningu, tala eigin tungu - sprellifandi mál, sem þó er eins konar móðurtunga skandinavískra mála, og geymir náinn skyldleika við forn-ensku og þýsku. Og mikla aðdáun vekur að ein helsta klassík germanskra þjóða er varðveitt hér - þar sem eru fornþókmenntir ritaðar á Íslandi.

Allt ofangreint skal haft í huga. En erlendir ferðamenn vilja líka sjá hversdagslíf nútíma - Íslendinga, hvernig það ber sig - í því kalda landi.

Menningarviðleitni okkar í nútíma vekur dálitla athygli - sagnalistin helst, tónlistin í vaxandi mæli, þáttur Bjarkar áberandi, kvikmyndir farnar að vekja athygli.

Enn skal áréttað að **Pingvöllur** er sá staður sem hvað mest heillar erlenda ferðamenn og bætir þá sagan miklu við.

Fornþókmenntir

Handritastofnun Árna Magnússonar geymir dýrmæta klassík germanskra þjóða. Þýðingar á þessum þókmenntaarfí séu uppi hafðar. Þókmenntir þessar minna á hina ódrepanði ritiðkun Íslendinga - sem enn er sprellifandi, og er frásöguvert. Og vekur þá spurningu hvaðan þetta er komið.

Vísindi miðalda: Þorsteinn surtur, Stjörnu-Oddi. Siglingavísindin: sæfarar vissu að jörðin var ekki flöt, kúpt að minnsta kosti (Konungs Skuggsjá). Kólumbus studdist við norrænar heimildir.

Spurningin um víkinga-uppruna okkar er athugandi. Mikilvægt er að leggja áherslu á siglingaafrekin í vestur til Grænlands og Ameríku, Leif Eiríksson, Guðríði Þorbjarnardóttur, sjá síðar.

Hvað hefur af íslenskri list fengið mesta athygli erlendis?

Svar; Fornbókmenntir, Laxness, Nonni og Björk. Tilurð Niflungahringins á að vera sem flestum kunn.

Til sé bókasafn , lesstofa, verslun með erlendum þýðingum á íslenskum bókum frá upphafi. Fyrir utan fornbókmenntir yrðu fyrirferðarmestir Nonni, Laxness, Kamban, Jóhann Sigurjónsson.

Þýðingum á þjóðsögum þarf að huga að, kynni að verða erlendum ferðamönnum verðmæti.

Bæklingar, myndbönd

Stuttir bæklingar og myndbönd þurfa að vera til á ensku, þýsku og skandinavísku

- 1) um **tungumál** þjóðarinnar, skyldleika við skandinavísku, forn-ensku, þýsku, hollensku og mál þjóðarbrotá í V-Evrópu. Sjá norræn örnefni á Bretlandseyjum.
- 2) um **sögu** þjóðarinnar. Sagan er Íslendingum nærtæk og hugstæð. Sambúð við náttúruna, Ísland er þakið fornum örnefnum.
- 3) um **lýðveldistilraunina** sérstaklega. Meðtalin lífsaðferð íslendinga nú, lífíbrauð , almennt mannlíf. Reykjavík, sjávarþorpin, sjósókn, landbúnaður, sambúð við sögu og náttúru, (segja má raunsætt frá tilrauninni og án þess að ýkja sólskin, og án þess að draga undan mistök eða vandamál.) Viðhorf Íslendinga til framtíðar.

Minjagripir o.fl.

Oft er talað um að betur megi standa að gerð minjagripa til sölu - réttilega - með endursmíðum eftir gömlum fyrirmyndum. Áður var talað um bæklinga, ljósmyndir, myndspólur - svo að ekki sé minnst á peysur, roðskó, kvensöðla, eða ljósmyndir af veðurbörnum andlitum sem þá nálgast að vera höggmyndir. Ljósmyndir af brimsiglingu inn Hópið í Grindavík myndu seljast, eða af Látrabjargi, þar sem björgunarafrekið var unnið. Myndbönd má gera af sama,

Gamla matargerðin hefur töluvert verið kynnt erlendum ferðamönnum, (fjalla-) grasamjólk, soðning, skyrið, hákarlinn, súrmeti: lungu, pungar; blóðpönnukökur, hertir þorskhausar.

Hér má aftur minna á fyrri tillögu, að reistur yrði " torfbær þar sem búið yrði með gamla laginu." Íslenski hesturinn yrði þá að góðu liði.

Þjóðverjar, Vestur-Íslendingar, markaður Norður-Ameríku.

Mikil áhersla hefur verið lögð á kynningu Íslands á **þýskum markaði**. Vert er að skírskota til skyldleika tungumálanna og til fornbókmenntanna, sem geyma forn-germanskar arfsagnir og sögulgjöld. Einsætt er þá að vekja athygli á að stórbrotnasta óperuverk allra tíma, Niflungahringurinn, á sér sterkar rætur í bókmenntum skrifuðum í Reykholti og víðar á Íslandi. Wagner-kúlturinn er mjög í hávegum hafður í Þýskalandi, reyndar mjög víða um lönd, og er þetta mikilvæg kynning. Wagner-félög eru starfandi víða um heim. Nonni á sinn stóra þátt í áhuga Þjóðverja á Íslandi.

Þjóðverjar eru einasta stórþjóðin sem teljandi áhuga hefur á íslenski menningu.

Vestur-Íslendingar og afkomendur þeirra eru annar stór hópur sem má snúa sér að (á fjórða hundrað þúsund manns). Auðvelt á að vera að höfða til áhuga þeirra á að leita uppi rætur sínar, að kynnast slóðum forfeðranna. Má veita hverjum og einum upplýsingar um forfeður og leiðsögn á ættaslóðir þeirra. Ættrakning er auðveld orðin með tölvutækni, bæði héraendis og með aðstoð Utah-mormóna. Er þá ættfræði farin að skila arði! - Samtök bænda í ferðapjónustu hafa þegar snúið sér að þessu verkefni í einhverjum mæli (Routes to the Roots) og er einkar athyglisvert, amerískum nútímamanninum er boðið til ferðar á vit áthaga forfeðranna - heim í heiðardalinn.

Leifur Eiríksson virðist ekki þekktur í Ameríku sem vert væri, þótt ótrúlegt sé. Hans ætti að vera getið í amerísku námsefni. **Guðríður Þorbjarnardóttir** var hin fyrsta evrópska móðir á amerískri grund. Frá Snorra syni hennar má rekja ættir til nútíma, m.a. til flestra Vestur-Íslendinga. Það má rekja slóðir þessa fólks bæ frá bæ: Eiríksstaðir, Laugabrekka, Drangar, Glaumbær í Skagafirði. En aftur í forneskju eru ættir Snorra Þorfinnssonar raktar til Kjarvals Írakonungs og á sögu svið Niflungahringingsins!

Íslenska er nú kennd allvíða við erlenda háskóla, þar við má tengja nokkra kynningu.

Listflutningur í höfuðborginni þarf frekari skoðunar við - t.d. yfir sumartímamann. Hin djarfa stytting Wolfgangs Wagner á Niflungahringnum mætti vel fara á svið öðru hverju t.d. í júní- mánuði þegar stærstu ráðstefnur standa yfir.

Námskeið í Reykholti í tengslum við fornbókmenntir hafa verið nefnd.

Þjóðleg músík, meðtalin nýsköpun með sterkri þjóðlegri hefð verði sett á **hljómdiska**, brýnt mál. Þýðing á ljóðum þá mikilvæg. Þjóðlög, rímur, þulur. Ósagt er erlendum frá því að í hljóðfæralausu landi fann söngþörfin sér farveg í tungumálinu - með hrynjandi, stuðlum, höfuðstöfum og rími, sem er merkilegt auðkenni, eða svo þótti Richard Wagner, og kynni að vekja áhuga meðal fleiri erlendra listamanna.

Íslandsklukkan í leikinni gerð skyldi sett á myndband og á erlendum tungum.

Ferðaþjónusta bænda býr yfir ýmsum möguleikum. Íslenski bóndabærinn er áhugaverður erlendum ferðamönnum. Áður var vikið að þjónustu við Vestur-Íslendinga. Nú taka erlendir ferðamenn þátt í fjallferðum með bændum. En bændur eru að stússa við fé og hross langt fram á haust, forn verkmenning. - Öll náin kynni við dýr geta orðið til ánægju. Af öllu þessu má gera fjöldkylduferð.

Til sjávar: rauðmagavertíð, skak, farið með fiskibát í róður og veitt í matinn.. Ísland má skoða sjóleiðina.

Lenging ferðamannatímans er brýn. Mánuðina mars og apríl er Ísland bjartasta land á norðurhveli, þegar snjór er yfir og sól komin hærra á loft.

En á haustin er landið hljóðara en önnur lönd.

Það mætti bjóða táníngum erlendra stórborga að heimsækja landið - og losa þá við kenndir tilgangsleysis: til sveita mætti bjóða þeim umgengni við dýr, hestaferðir, veiðiskap, kynni við náttúruna.

Hátíðahald um jól og áramót hafa erlendir ferðamenn sótt nokkuð. Vel þarf að standa að slíku. Íslenskir jólasíðir eru gömul menning.

Leiðsaga ætluð erlendum ferðamönnum þarf að vera persónuleg - jafnvel hlýleg - og eru þá hlýlegheitin farin að gefa arð.

Í harðnandi samkeppni ferðaþjónustu um öll lönd þá þurfum við að leita uppi hvað er sérstakt að upplifa á Íslandi. Nautasteik og rauðvín fá ferðamenn allstaðar. En landið og lífshætti fólks vilja ferðamenn sjá.

Fylgiskjöl

**Ýmislegt sem vert væri að kynnast
úr þjóðháttum og verkmenningu
fyrri tíðar.**

**Sjálfsnægtabúskapurinn.
(Hugmynda-lager; punktar)**

byggingarlag, vist innanhúss, kýr undir baðstofu, vegghleðslur, dæmigert kot
(varla til), stórbærir, garðhleðslur (Hrauntún)

búsmunir, tól, smíðar, efniviður

klæðnaður, skófatnaður, ullarvinnna, vosklæði og verjur, skinn og roð

matargerð, mjaltir, grasafjall, geymsla matvæla

ljós og hitun, geymdur eldurinn, öflun eldiviðar (mór, mor, viður, kolagerð)

heyskapur

skepnuhald, ræktun, skarn á hóla, áveitur, kornrækt áður, íslenskt gras er
merkilegt

ferðalög , hesturinn, fjallferðir, rekið til beitar að vetri, áttir, ratvísi,
veðurþekking

sjósókn, bátar, naust og varir, nýting sjávarfangs, veiðarfæri o.s.frv. -
óheyrilegt manntjón við suðurströndina svo og við hákarlaveiðar fyrir norðan -
brim.

lífið innanhúss, hjón, börn, vinnufólk, aðrir - til hátíðabrigða: jól, þorrablót,
gleðir, leikir fullorðinna, veislur, brúðkaup, ölföng

afþreying, skemmtanir, andleg iðja, íþróttir og leikir, húslestrar, lært að lesa á
kverið, kirkjuferðir, guðspjónustur, söngur í kirkjum, bænahús, hálfkirkjur
uppeldi, dæmi hins góða og slæma, leikir barna, vinna barna

verslun og viðskipti, leiðir um landið fyrrum, skreiðarferðir, leiðir til
Alþingis

tímatalið, heiti mánaða og daga, fingrarím, eyktir, klukka

bækur, bókagerð, gerð skinnhandrita

söngur og hljóðfærasláttur (langspilið, fiðlan á síðustu öld, annars
hljóðfæralaust land)

sagnaskemmtun, rímur, lesefni

iðn, handverk, verktækni
umgegni við landið, gæsla skóga
umgegni við skepnur
heilbrigðissaga

verslunarstaðir
verbúðir fornar, Selatangar, Dritvík
eyðibýli: Hvanndalir, Keflavík austan Gjögurs, Helgastaðir í Króksdal,
Laugavellir Þeystareykir - efstu byggðir og ystu
útilegumannaslóðir (Fjalla-Eyvindur), tröll, álfar, huldufólk, risar, draugar,
afturgöngur, vofur, skrímsli, jólasveinar, Grýla, dulin öfl, álagablettir, heiðin
helgi

nýting fugls: bjargsig, egg taka, æðarfugl, gæs, rjúpa, álf, fálki, svartfugl,
geirfuglinn; nýting jurta (fyrir utan gras).

atvinnuleit, árstíðabundin
leiðir um hálendið, fjallvegir, slark í jökulvötnum, vermannaleið yfir
Vatnajökul (Klofajökul)
örnefnafræði, (Þórhallur Vilmundarson), örnefni sem leiðarvísar, lýsandi
heiti

harðneskja lands við mann: Eldgos og skjálftar (Landnáma),
Kristnitökuhraun, Skaftáreldar, Örfajökull, Leirhnjúkseldar, Kötluhlaup,
Nýjahraun, Kapelluhraun, Reykjanesskagi, Surtsey/ Heimaey: Hafísasaga,
veðurfar og loftslag, snjóflóðasaga, saga Reynisstaðabræðra

harðleikni manns við land: breyting landsins, loftslag, eyðing skóga,
sandfok, gróður á hálendi áður, ofbeit, þurrkun votlendis, smekkvísi við gerð
mannvirkja (t.d. vegagerð, virkjanir, stálbræðsla við Hafnarfjörð)

átök peninga og landgæslu: ofbeit, eyðing skóga, ofsókn í fisk, seldur
Gullfoss, verður Jökulsánum breytt? -jarðýtu þáttur
byggðasaga, tilfærsla, eyðing byggða

kristnisaga í öndverðu, við Faxaflóa sunnanverðan, afkomendur Ketils
flatnefs, kristnitakan, Freysdýrkun, yfirsungnir staðir og blessaðir, í kristni.
Siðaskipti

helstu framfaraspor, mistök, umdeild mál
vísindi fyrri tíma
námagróftur- brennisteinn, silfurberg, surtarbrandur, mór
stríðsminjar, Tyrkjaránið, Jörundur, landhelgisgæsla

(konur í fornsögum, landnám á Grænlandi, vesturferðir Íslendinga, bjartsýni
ungmennafélaganna, Ísland sjóleiðina í kring)

Dæmi af sögu eins héraðs

- sýnir úr hve miklu er að velja.

Frá Akureyri er auðvelt að gera út á menningarsöguna. Þar á staðnum getur farið fram nokkur almenn kynning. Söfnin öll, ljósmyndir, kvikmyndir, myndbönd, tónlist, leiklist, kynning á þjóðlífi og verkhátum, kynning á skáldskap héraðsins

t.d. Jónas, Matthías, Nonni, Hannes, Jón á Bægisá, Látra-Björg, Davíð, Tryggvi Emilsson o.s.frv., hljómplötur t.d. Dalakofinn með Hreini - að áður sagðri ástarsögunni. Ferðalokum fylgir önnur ástarsaga (Þóra í Laufási). Vatnsenda-Rósu og Djáknanum á Myrká mætti bæta við. „Augun mín og augun þín“ af plötu. „Þú komst í hlaðið“ er samvinna Davíðs og Ingimundar upp úr 1925.

Akureyri

Minjasafnið
Nonnahús
Sigurhæðir
Davíðshús
Gamla Akureyri
Listigarðurinn
Saga bæjarins

Eyjafjörður

Landlýsing: héraðið, þorpinn, sveitirnar, leiðir þaðan.

Náttúrufar:

Veðursæld, þéttbýlt, skógur horfinn og allt lyng, enda beitiöld lítil og skriðurunnin fjöll. Fiskigengd að mestu horfin úr firðinum. Ísar gátu hamlað siglingu. Laufvindar blésu ljúfir (Jónas).

Uppúr miðri 19.öld fer að blómstra atvinnulíf, félags- og menningarlíf. Hákarlaveiðar, uppgrip.

Gránufélagið, kaupfélög, bátatryggingarfélag, lestrar- og framfarafélög, búnaðarfélag, blaðaútgáfa, skólar, söng- og leiklist 1870, þjóðleg fræði, grasafraeði.

Fátækt er enn mikil fram yfir aldamót (Tryggvi Emils, Eiður, Steindór. Virkir dagar Hákarla-Sæmundar, Theódór) og mannlíf enn harðneskjulegt.

Framfarir í landbúnaði að hefjast svo og í sjósókn (bátasmíðar). Í fararbroddi: ýmsir athafnamenn, menningarfrömuðir, embættismenn, hugsjónamenn.

Skáld koma fleiri fram á sjónarsviðið.

Nágrannar í Þingeyjarsýslu eru atkvæðamiklir í félagsmálum og í Skagafirði rís Búnaðarskólinn á Hólum.

Á 20 öld verður útgerð mikil, einkum síldveiðar á sumrum, og landbúnaður blómgast. Ungmennafélög og samvinnufélög eru öflug. Tæknibyltingin er hafin, til sjávar og sveita. Iðnaður og þjónusta vex í bænum. Það styður hvað við annað, bærinn, þorpinn og sveitirnar.

Fram í Fjörð

Galtarhamar, Festarklettur, Bíldsá, Þórunnarhólmi, helgi á ósum árinna.

Vöðlaþing.

Þverá: Einar, Glúmur, Vitaðsgjafi, Freysdýrkun, sálfræði Glúms. Steingrímur Arason, Ari Jónsson leikritaskáld. Bardagi á Þveráreyrum. Lögfræði, lögsögumenn.

Munkaþverárklaustur, ritun sagna þar.

Grýta, Jón biskup Arason, Þróm.

Möðruvellir í Eyjafirði, Guðmundur ríki.

Kristín Sigfúsdóttir. Sölvadalur, Tryggvi Emilsson við slæmt atlæti.

Leiðir upp úr Eyjafirði, Eyfirðingavegur, Vatnahjalli, Nýjabæjarfjall - vöruflutningar þar yfir til efstu dala Skagafjarðar, Kristinn á Tjörnum (villan suður af). Aka má upp úr botni Eyjafjarðar.

Fornleifar á Granastöðum. Hleiðargarður - bæjarnafn, sbr. danska konungasetrið Lejre. Saurbæjarkirkjan gamla. Möðrufell, Jónas, reynirinn í hrauninu. Hvassafell, Grund, Hrafnagil (Pétur Guðjohnsen, Jónas Rafnar, Þorgils skarði), Kristnes.

Út að vestan.

Skjaldarvík, Bægisá, Hraun í Öxnadal, Bakkasel (Tryggvi Emilsson), Gásakaupstaður, Skípalón, Hlaðir, Ólöf og Steindór, Barkársel (kot)

Möðruvellir í Hörgárdal: Klaustrið, amtmannssetur, Bjarni Thor, Norðurreiðin 1850, Möðruvallaskólinn, Stefán skólameistari, Flóra Íslands, Ólafur Davíðsson þjóðsagnasafnari, Nonni, Hulda og Davíð, (Dalakofinn, Hreinn Pálsson). Fagriskógur

Hjalteyri, Dalvík, Hrísey.

Tjörn í Svarfaðardal, Kristján Eldjárn forseti.
Hálfðánarhurð, Ólafsfjarðarmúli, Áfangar Jóns Helgasonar
Hákarla - Jörundur.
Heljardalsheiði;
Hvannadalir, afskekktasta bæjarstæði í V-Evrópu, Ólafsfjörður,
Héðinsfjörður, Siglufjörður, síldin. Grímsey.

Út að austan

Halland (Bólu-Hjálmar), (Vilhjálmur Stefánsson landkönnuður,) Svalbörðungar.

Saurbrúargerði, örreytiskot (þrír óperusöngvarar þaðan ættaðir), Laufás, gamli bærinn (mætti gista í torfbæ), kirkjan , Tryggvi Gunnarsson, Jóhann Bessason, Þóra, Ferðalok, Björn sálmaskáld, fyrsta orðabókin (Magnús Ólafsson) - Nes, Einar Ásmundsson (Nonni og Gunnar), kaþólskan, trúfrelsi, hagfræði, Gránufélagið, Navigations-Lære, Golfstraumurinn, hákarlaútgerð, lýðræðis- hreyfingar í Þingeyjarsýslu, kvenréttindi. Hallsteinn Þengilsson, Grenivík, Ingimundur söngstjóri, Kristján Jóhannsson söngvari, (beitningaskúr þar sem amma hans stjórnaði söng fólksins við verkin.). Siglt í Látur, land snjóflóða, Látra-Björg, hákarlaútgerðin, Virkir dagar. Keflavík austan Gjögurs: fyrsti sjómanskóli á Íslandi, Keflavíkur-Manga, Keflavíkur-Jörp.

Af nógu er að taka í því héraði.

S Ö G U - og B Ó K M E N N T A F E R Ð
frá Reykjavík um Kaldadal að Húsafelli

Reykjavík - Þingvallavegur

Sundin að fornu - Viðeyjarsaga - Úr Kjalnesingasögu

Þingvallavegur - Mosfellsheiði

Elli Egils Skallagrímssonar - Helga fagra og Hrafn Öundurson á Mosfelli -
Magnús Grímsson (Þjóðsögur-ljóð-Bára blá) - Innansveitarkronika. -
Halldór Laxness (Laxnes-Gljúfrasteinn).

Kvæði Halldórs um þingvallavegin - landslagslýsing þegar komið er upp
Bringur - eldgos (Borgarhólar-Stardalseldstöðin). - Árfarið og gamall
farvegur Öxarár - lýsing á Þingvallavatni og fjallahringnum - fróðleikur um
þingstaðinn - kvæði Jakobs Jóhannessonar Smára um þingvöll -
Hofmannafliot og þjóðsagan um Ármann í Ármannsfelli - Eyfirðingavegur -
-Einu sinni á ágústkvöldi - frásögn Grettlu um fund Þórhalls og Gláms...

Bláskógaheiði

Upphaf Íslandsklukkunnar: öldungurinn, böðullinn og Jón Hreggviðsson
- upphafserindi Skúlaskeiðs við Tröllháls og Víðiker - andlát Jóns Vídalíns
við Biskupsbrekku - sagan um Snæbjörn galta við Hallbjarnarvörður -
Fjallið Skjaldbreiður eftir Jónas og tengja það jarðfræði svæðisins (helst við
Brunna) - Uxahryggjaleið og viðureign Glúms og Þjóstölf í Njálu

Kaldadalsvegur

Stormur eftir Hannes Hafstein - Þú bláfjallageimur eftir Steingrím -
Okið: Á Rauðsgili eftir Jón Helgason - Egilsáfangi og Fanntófell - Grettir í
Þórisdal - Langihryggur og síðari hluti Skúlaskeiðs - landnám í Geitlandi -
Lyngs við þing á grænni grund- fornar leiðir um Hallmundarhraun og
Grettis saga - Vilmundarsteinn og Hellismannasaga - Gilsbakki og
Gunnlaugs saga - Snorri á Húsafelli - Sesseljuvarða.

13.03.1995

Jón Þóðvarsson

ad Vextum, sem liggur eftir Ólofu, eru stórn ljóð þennar þar sem muna lífa. Um kynni sín af Ólofu skrifar Steingrður Gudmundsdóttir.



menning. Hún hefur átt áherslu á að kynni sín um landi sínu. Hún var þekkt fyrir það ljóðunum sínum að taka málstað ílimagnans, en sína eigin ávi endaði hún með sjálfsvíg 1966.

R A B B

Söguasteinar

Nú ferist í vöxt um byggðir landsins að menn reisi ýmis konar minnismerki, kunnun persónum eða alburðum í sögu ljóðanna. Ekkert er að því að finna, sé smekkvíslaga staðið að verki; hverri kynslóð í landinu ætli að vera kappmál að halda í heftinu verðmæltum sögunningnum okkar allra. Varðar, hörgunvarir og fleira þvinnlíkt undir berum himni getur verið þáttur í þeirri ræktarskýldu.

Íslendingar eru þjóða snauðastir að réttnefndum minnismerkjum frá löngum öldum. Engu að síður mundu þeir sögu sína vel og reistu henni margan óþroglgarnan varða í ritum.

En hér er á fleira að líta. Um landið út og suður horfa við 'minnismerki' sem alþjóðan sköpur: hellar, draugar, stakir steinar, lindir, brunnar og fjölmargt annað. Þessu var nafn gefið í því skyni að varðveita sögu og sagnir—alleggar þá að gjöfnal örnefni kvæktu minnumeli sem lífað hafa síðan; allt getu til fróðleiks og segnaskemmtunar á einhvern hátt.

Á fjöfnu stöðum í nánunda við þjóðveginn milli Reykjavíkur og Akureyrar hvíla jarðfastir, stakir steinar, þekktir 'minnisvarðar' af þeim toga sem nú sagði. Þeir eru: Hallgrímssteinn, Tullsteinn, Skeljungsteinn og Lurkasteinn.

Undir Hallgrímssteini í Saubæ á Hvalfjarðarströnd sat séra Hallgrímur Pétursson margsinis, herna minnumeli, þegar hann var að hugsa um gúð sinn og tilveruna og yrkja sálma. — Gullsteinn er hjá Stóru-Giljá

í Hinavaltussýslu, mikill um sig. Í honum bjó árnadur Kookáns Eilífssonar bónda á Stóru-Giljá, föður Þorvalds víðförla, og greinir í fornum bókum frá því, hversu á árnadur varð undan að láta fyrir kristnum síð. Nú hefur verið reistur kross og lögmynd nálægt Gullsteini til minnis um trúboð Þorvalds víðförla. — Skeljungsteinn hvílir í grasi þar sem heitir Skeljungshöfði í Norðurárdal í Skagafirði, nokkurn spöl fyrir innan Silfrastæði. Hann er allistór, uppmjör og ganga sívöl göt í gegnum hann, eins og eftir nafur, en munu þó vera náttúrsmíði.

Steininn er kenndur við saudamann á Silfrastæðum í fornöld, Skeljung að nafni. Hans getur lillilega í Bærdarsögu Snæfellsáss, en meira og þetur í Þjóðsögum frá seinni öldum. Skeljungir svipar til Gláms í Gretliu. — Lurkasteinn þvinnir í brekku ofan Bakkasels í Óxnadal. Hann er sá af þessum sögusteinum sem mig langar nú að rahlia um lítu frekar en hina þrjá, því ég ótlast um Lurkastein af vissum sökum, vonandi að þarflausu. Kem að því síðar.

Lurkasteinn er föllverður dreilir. Mér skilst hann sé úr svonefndu molabergi. Fáir munu mít vita til hans aðrir en staðkunnugir menn.

Um aðarvarir virðist Lurkasteinn hafa verið sérstakt leikarnark og áningarstaður við helztu þjóðgötuna milli Eyjafjarðar og Skagafjarðar; menn móðuðu átanga sína á

ferð yfir Óxnadalshéi gjarman við hann, settust þar niður, blésu úr nös og tóku til nestis síns, ef því var að hellsa. Sleiminn var í raun Bakkasel gamals tíma. Skrytnir fyrirburðir eru einnig látnir gerasat þar í sumum alþýðusögnum.

EKKI veit ég hvort Lurkasteins er getið í riti fyrir en í Þórdarsögu hreðu, allskemmtilegum rómán frá 14. öld. Sú saga var snemma gefin út, ein meðal þeirra Íslendingasagna sem fyrst gengu á prent (Hólum í Hjaltdal, 1756), og sýnir það vinsældir hennar. Rimmaskáld reyndu líka að svála sagnaborsla fólksins, og voru ortir nokkrir rimmalokkar út af efni sögunnar.

Lurkasteinn kemur ekki við Þórdarsögu hreðu að öðru leyti en því, að þar börtust þeir Söri hinn sterki og Þórður. Í hólunum „fyrir ofan Lurkastein“ eins og sagan segir, og drap Þórður Söra. Timbursmíðurinn mikli, Þóður hreða, var þjóðinni kær og því varð vöðureign þessi mjögum karti og kerringu ógleymanleg. Séra Jónas á Hrafnaglí getur þeirrar síðverju í Þjóðálatræðum sínum, að þrjá steina skyldu ferðamenn leggja „til Lurkasteins á Óxnadalshéi, þar sem er leiti Sörla þess, er Þórður hreða vó“.

Skáld á seinni tímum hafa víkið að Lurkasteini, og langar mig að tilfæra vísur eftir Pál Ólafsson, úr ljóðabréfi sem hann orti til góðvinnar lapegga fertugur, 1866. Hann ríjar upp áskunnuningu:

Lurkasteini lekum þrjá,
lengi sjást þess murtki.
Ég læt vera Þórður þá,
þu varst Söri sterki.

Hvortgur var högrvannar,
hvein í mælsku teini.
Hvortgur bar streng né sír
samt frá Lurkasteini.

Éðinna eftir þú
upp við steinin satum
og hlégum þreytla okkur að
öllum þessum látum.

Þessi þlássnið áskjár
eins og draumur lílu.
Önnur sverð og önnur sír
okkur bitu' og sriðu.

Ég nefndi áður, að ég óttaðist um Lurkastein. Ástæðan er sú, að ráðgert hefur verið að leggja seinn nýjan akveg um Bakkaselsbrekku. Að vísu hef ég ekki heyrð vegarstæðinu lyst greinilega, en mér skilst að brautlin eigi að skáskera brekkuna. Treysta má Vegagerð ríkisins til góðra hluta, en eru starfsmenn hennar skyldugir að muna eftir stökum grjóthlunk í brekkunni fyrir ofan Bakkasel í Óxnadal? Ég held varla. Nú eru jarðdytur og grófur störvirkar. Á augabragði geta þær, fyrir vangá, eyðtlað Lurkastein og síðinnar í kring.

Söguasteina sem forlimast býr enginum til áftur, þeir eru glataðir um aldur og ævi. Ef við eyðileggjum um slík 'minnismerki', höfnum við gengið á hlut þeirra sem síðar lífa í landinu. Og mun skömm okkar lengi uppi verða.

HANNES PÉTURSSON

Verkefnaskrá

18. maí 1995

Frá nefnd skipaðri af samgönguráðherra 5. desember 1994, er fjalli um hvernig nýta megi **menningarsögu þjóðarinnar í þágu ferðaþjónustu**.

Hér er skrá yfir verkefni sem nefndin fjallar um í skýrslu sinni til ráðherra. Skráin er ekki tæmandi, en drepíð á helstu atriði. Skráin er ekki að öllu leyti í forgangs röð, en flokkuð eftir efni. Þó telur nefndin að nokkur mál eigi að **fá forgang og eru þau auðkennd með feitletrun og ✓** merki framan við. Mikil verkefni liggja fyrir og þarf að ráðast í mörg samtímis. Sumt er ríkisins að standa fyrir, annað sveitarfélaga, héraðssamtaka eða einkafyrirtækja, sumt samstarfsverkefni tveggja eða fleiri aðila - jafnvel allra.

✓ 1. Leiðsögunám

Námsbraut í leiðsögn um landið, einkum með íslenska ferðamenn í huga.

Almennur undirbúningur

Námsbraut sé við háskóla (fyrra stig ef til vill við framhaldsskóla)

- a góð þekking á landi, sögu, þjóðmenningu, bókmenntum
- b grunnþekking á náttúruferðum og jarðsögu landsins
- c undirstöðuatriði í ferðatækni, hjálp í viðlögum
- d markaðurinn - fyrir hverja er leiðsögnin

Sérhæfing

- 1 leiðsaga á söfnum
 - 2 til gæslu þjóðgarða og friðlanda
 - 3 leiðsögn í einstökum héruðum
 - 4 leiðsögn á einstökum stöðum (Þingvellir, Skálholt, Hólar, Reykjavík)
 - 5 leiðsögn á öræfum
 - 6 leiðsaga sjávarleiðina
- gæfi réttindi að loknu námi - aðrir til kallaðir

2. Söfn

Verkefni	Athugasemdir
√ Merking muna, fjögur tungumál Upplýsingabæklingar, myndbönd og ljósmyndir til reiðu - minjagripir, smíð, sala	Alla sýningargripir þarf að merkja Sumt hægt að selja og afla fjár til safnsins - hafa á boðstólum - hvert safn með sinn einkennisgrip
√ Afdrep - málstofa - með ítarefni	Á sumum söfnum einnig kaffistofa
√ Leiðsaga leiðsaga skólanema Munir sýndir í notkun - endursmíð muna til þess Gamall bær þar sem búið yrði með gamla laginu eða reistur torfbær (jafnvel kot) í sama augnmiði	Safnaleiðsaga - staða sem aðsókn getur staðið straum af kostnaði við Ekki er alltaf ástæða til að slíta gerr gömlum munum sem til eru Tilraunarinnar virði - væri hugsandi að Ferðapjónusta bænda gæti með þessu gert góð viðskipti - selja gistingu í torfbæ - með morgunverði og kaffi Framkvæmd í höndum eigenda safna

3. Í héruðum

Verkefni	Athugasemdir
√ Vegvísar, skilti	Upplýsa þarf um sögumerka staði
√ Merking staða - skráning örnefna Áningarstaðir þar sem hægt yrði að stöðva og leggja bílum - við fagra útsýnisstaði og við merka sögustaði Snyrtiaðstaða á helstu áningarstöðum Stígar um fjölfarna staði og svæði	Margir steinar eiga sér sögu Ekki er nóg að vísa á stað, ef ekki er hægt að staldra þar við og hleypa fólki úr bíl Jafnframt þarf að tryggja umhirðu Verja umlykjandi land gegn troðslu
√ Upplýsingastöðvar Bæklingar, myndbönd, sögukort	Purfa að vera sýnilegar og kunnar Til sölu/afendingar sem víðast
√ Leiðsaga	„Er hægt að fá leiðsögumann næstu tvo tímana um dalinn hér fyrir ofan?“

4. Fjölfarnir staðir

Eftirfarandi eru dæmi um staði og ber ekki að líta á sem tæmandi upptalningu.

Verkefni - vettvangur	Athugasemdir
√ Þingvöllur	Tryggja aðgang allt árið - einnig þjónustu - óhæfa að helgasti staður þjóðarinnar sé lokaður 8 mánuði ársins. Koma þarf upp snyrtiaðstöðu í þjóðgarðinum, sé ávallt opin - óhæfa að hvergi sé afdrep í svo stórum garði - þekkist ekki með öðrum þjóðum að bjóða upp á slíkt aðstöðuleysi á fjölsóttasta ferðamannastað landsins - veitingahúsið Valhöll þarf að vera opið yfir vetrartímann - a.m.k. um helgar og skv. pöntun. Ath. leiðsögu
Reykjavík	Upplýsa þarf um þann mikla arf liðinnar tíðar sem bærinn hefur að geyma - kort, skilti, bæklingar, sýningar, skipulagðar ferðir um bæinn. Margt er vel gert nú þegar
Skálholt Hólar	Á hinum fornu biskupssetrum sitja nú á ný biskupar - yfir setrunum höfðingjabragur - þar getur byggst upp mörg starfsemi sem tengir ferðamenn hinni fornu og nýju þjóðmenningu og sögu landsins - örlagasögu - þar þarf að vera góð leiðsögn í boði árið um kring - sýningargripir - byggingar varðveittar - veitingasala
Vestmannaeyjar	Nýja hraunið - eldgosíð - varðveita hraunið og segja sögu gossins

5. Internet

Verkefni	Athugasemdir	Framkvæmd
Setja upplýsingar um land og þjóð á internetið, tryggja sem víðtækastan aðgang, nokkur tungumál, margar inngöngudyr, t.d.: Heimskautasvæði Óspillt náttúra Fiskveiðar Jarðfræði Eldgos Fundur Ameríku Víkingar Niðlungahringurinn Björk Klassískar bókmenntir Orustan um Atlantshaf Norðurljós Snjór o.fl., sjá Erlendir ferðamenn, bls. 14	Internet teygir þræði sína um alla veröld og er óhætt að segja öllum opið, bæði til að koma efni á framfæri og til að nálgast efni. Notendum fjölga með ólíkindahraða og eiga nú þegar tugir milljóna manna möguleika. Trúlega er Netið þegar orðið hagkvæmasti fjölmiðillinn til að ná um allan heim og þá einkum til hins menntaðri hluta heimsbyggðarinnar. Snertiverð líklega það lægsta sem unnt er að ná.	Almenn kynning á landi og þjóð á Interneti verði á vegum Ferðamálaráðs Íslands og kostuð af því með ríkisframlagi. Kynning einstakra fyrirtækja og samtaka þeirra verði á þeirra eigin kostnað.

6. Fjölmiðlar

Hagnýta þarf fjölmiðla til þess að koma upplýsingum og fróðleik á framfæri: Útvarp - sjónvarp - bækur - tímarit - dagblöð - vikublöð - myndbönd - tölvunet - geisladiska - snældur - kvikmyndir - skilti - bæklinga - kort.

7. Bókmenntir

√ Stofnun Árna Magnússonar

Veita þarf fé til þess að opna og nútímavæða stofnunina - gera henni kleift að taka með fullum virðuleik á móti gestum, sýna þeim gripi á safni - sýna endurgert umhverfi Snorra við bókagerð hans - og þó geti fræðimenn iðkað rannsóknir sínar á meðan ótruflaðir. Safnið þarf að hafa góða sýningaraðstöðu og geta boðið gestum í afdrep - sýnt þeim myndir og haldið fyrirlestra. Dýrgripum eins og Konungsbók þarf að gera sérstaklega hátt undir höfði.

Bókasafn / verslun / lesstofa

Þýðingar sem gefnar hafa verið út - íslenskar bækur á erlendum tungum.

Fornbókmenntir hafðar á boðstólum - kynntar - útskýrðar - settar í samhengi við umheiminn og nútímann - á myndböndum kvikmyndir eftir fornsögum og í anda þeirra (Útlaginn, Hrafninn flýgur, Rauða skikkjan).

8. Listflutningur

Einkum í Reykjavík, yfir sumarið, jafnvel á erlendum málum. Þurfa leikhús að vera lokuð á sumrin? Ath. að nýta Perluna og Ráðhúsið.

√ **Útgáfa á listrænu efni** - ekki má gleyma þjóðlegri tónlist - sífellt þarf að gefa út nýjar útgáfur og gæta þess að eldri séu til. Þýðingar á þjóðsögum og fleiru á hljóðbandi.

9. Útgáfa

Stuttir bæklingar eða myndbönd fyrir erlenda ferðamenn:

- 1 um **tungu** þjóðarinnar
- 2 um **sögu** þjóðarinnar
- 3 um **lýðveldistilraunina**

Útgáfa korta, kynningar- og fræðslubæklinga fyrir innlenda ferðamenn - söguslóðir, bókmenntaferðir, svæði, staðir.

10. Ungt fólk

Glæða þarf og viðhalda áhuga unga fólksins á sögunni, þjóðmenningunni. Þar koma skólarnir við sögu - og fjölmiðlarnir.

11. Til sveita, ferðapjónusta bænda

Dvöl á sveitabæjum - ungmenni og fullorðnir stórborgabúar gætu haft þangað margt að sækja sér til gagns og gamans.

Íslenski hesturinn - þegar vel kynntur víða erlendis og dregur marga ferðamenn til landsins - fararskjóti á sagnaslóðir.

√ **Ættrækni** - ferðir á feðraslóðir - „Routes to the Roots“ - verkefnið er hafið og lofar góðu, fólk úr Vesturheimi leitar uppruna síns. Má tengja ættfræðigrúski sem gæti orðið útflutningsþjónusta - ættir raktar allt til Ragnars loðbrókar.

12. Til sjávar

Endurbyggja búðir í helstu verum - varðveita báta - efna til verdaga.

Síldin - Siglufjörður, Eyjafjörður, Austfirðir - enn standa hús frá tímum síldarævintýrisins, síldarminjasöfn vantar á fleiri stöðum en Siglufirði.

Djúpavík - einstæð saga í ægifögru umhverfi - miklar minjar á staðnum og vel nothæfar byggingar fyrir gisti- og veitingasölu - Hótel Djúpavík býr yfir sjarma.

√ **Trillan er í útrýmingarhættu** síðan plasthraðbátarnir komu - söfnin og heimamenn í héraði þurfa að vera á verði - óhæfa að eyðileggja góð skip vegna úreldingarreglna.

13. Erlendir ferðamenn

Þjóðverjar - Skandinavarnar Sagnaarfurinn geymdur hér - blómatími evrópskrar ritmenningar á tímum Snorra - þetta þarf að kynna rækilega.

Vestur-Íslendingar A.m.k. á fjórða hundruð þúsunda manna í Vesturheimi eru af íslensku bergi brotin - þetta fólk þarf að hvetja til að leita uppruna síns - heimsækja „Gamla landið.“

Markaður Norður-Ameríku. Taka þarf á af krafti til þess að Leifur Eiríksson verði ekki kyrrsettur í Noregi, gera Ameríkumönnum ljóst að hann var Íslendingur og að fyrsta evrópska móðirin á amerískri grund var íslensk, sem og fyrsti Evrópumaðurinn þar fæddur. Kólumbus leitaði Vesturheims á Íslandi áður en hann hóf leiðangur sinn.

√ 14. Sögunefnd um ferðamál

Setja þarf á laggirnar Sögunefnd, mætta líka kalla öðru nafni, sem samstilli aðgerðir og hvetji til þeirra. Nefndin hafi umboð til að veita viðurkenningar t.d. gæðastimpla fyrir bæklinga, kort, annað kynningarefni, verði ráðgefandi um starf safna sem tengist ferðapjónustu, um námsferðir skóla á sagna- og bókmenntaslóðir o.s.frv. Nefndin hafi ekki framkvæmdavald eða fjárveitingavald, en hafi þó úr dálitlum peningum að spila til starfsemi sinnar. Nefndina skipi fólk frá samgönguráðherra og menntamálaráðherra, sérfróðir menn um ferðapjónustu og þjóðmenningu fyrri tíma.

